

36. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn mánudaginn. 29. September 2014

Fundargerð

Fundurinn er haldinn að Vonarlandi á Egilsstöðum kl. 15:00

Mættir: Valdimar O. Hermannsson (VOH), Auður Ingólfssdóttir (AI), Gauti Jóhannsson (GJ), Stefán Bogi Sveinsson (SBS), Sverrir Mar Albertsson (SMA), Þórunn Eymundardóttir (ÞE). VOH ritaði fundargerð.
(Rögvaldur Ólafsson og Adolf Guðmundsson boðuðu forföll.)

Jóna Árný Þórðardóttir starfandi framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð 35. stjórnarfundar undirrituð og staðfest.
2. Rekstrarstaða og fjármál Austurbrúar (JÁÐ)
3. Stöður ýmissa mála – umræða - og tillögur um áherslur (JÁÐ)
4. Framhaldsársfundur Austurbrúar, (undirbúningur/framkvæmd) (JÁÐ)
5. Önnur mál,.....



Formaður setti fund kl. 15.00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 35. stjórnarfundar undirrituð og staðfest.

Fundargerð 35. stjórnarfundar var undirrituð, en hún hafði áður verið staðfest með tölvupósti.

2. Rekstrarstaða og fjármál Austurbrúar. (JÁÐ)

JÁÐ fór yfir stöður fjármála Austurbrúar, þ.e. rekstrartölur fyrstu 6 mánuði ársins og hvaða stöður höfðu breyst frá síðasta stjórnarfundum, þar sem yfirlitið, ásamt helstu stöðum var til kynningar. Ljóst er að staðan er þung, en fram kom að launagreiðslur og uppgjör þeirra starfsmanna sem hafa látið af störfum, á undanförunum mánuðum, myndi verða klárað á haustmánuðum.

3. Stöður ýmissa mála – umræða - og tillögur um áherslur

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir stöðum ýmissa mála, sem unnið hefði verið að á síðustu mánuðum, s.s. yfirferð á öllum kostnaðar og tekjuliðum, stöðum samninga við ráðuneyti og hagsmunaaðila og samstarfsstofnanir. Fram kom að Austurbrú ses er að vinna ýmisa vinnu og þjónustu, sem stöðstofnun í nærsamfélaginu, sem aðrar opinberar stofnanir eru að fá greitt fyrir á fjárlögum, og voru nefnd nokkur dæmi þar um. Þá var farið yfir lista um þessar stöður og þær áherslur, í 10 liðum, sem vísað yrði til nýrrar stjórnar Austurbrúar ses.

4. Framhaldsársfundur Austurbrúar, (undirbúningur/framkvæmd)

Farið var yfir skipulag og framkvæmd á framhaldsársfundi Austurbrúar ses, sem boðaður hefur verið þriðjudaginn 30. september 2014, á Hótel Héraði á Egilstöðum. Hilmar Gunnleugsson, hrl., verður fundarstjóri, Björg Björnsdóttir, verður fundarritari, og Skúli Björn Gunnarsson, mun verða með kynningu á tillögum starfsháttanefndar. JÁÐ mun, ásamt starfsmönnum hringja út mætingu stofn- og hagsmunaaðila, eða óska eftir að þeir veiti umboð til þess að fundurinn verði löglegur til ákvörðunartöku og breytinga á skipulagsskrá. Fram kom að starfsmenn Austurbrúar hafa unnið að undirbúningi fundarins og munu hjálpa til við framkvæmd hans. Gert er ráð fyrir því að þingmenn kjördæmisins verði flestir á fundinum. VOH setur fundinn með stuttu ávarpi, og ber upp tillögur um starfsmenn fundarins.

5. Önnur mál

Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir samstarfið, í blíðu og stíðu, þar sem þetta væri síðasti formlegi fundur þessarar stjórnar þar sem ný stjórn yrði kjörin á ársfundinum. Hann hvatti jafnframt stjórnarmenn að mæta til framhaldsársfundarins, ef þeir mögulega gætu.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl. 17:15

Valdrimar O. Hermannsson

Stefán Bogi Sveinsson

Þórunn Eymundardóttir

Sverrir Mar Albertsson

Gauti Jóhannsson

Auður Anna Ingólfssdóttir

